

Vegagerðin
Ingunn Loftsdóttir
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík

<p>Umhverfisstofnun</p> <p>Áb. _____</p> <p>07. júlí 2014</p> <p>9.5.3</p> <p>Tilv. _____</p>



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. júlí 2014
Tilvísun: UST20140600209/pek

Framkvæmdaleyfi – Lagfæring á brú á Geitá í Borgarfirði, vegur nr. 551-01

Vísað er til bréfs Vegagerðarinnar dags. 30. júní 2014 þar sem óskað er eftir leyfi Umhverfisstofnunar til lagfæra brú yfir Geitá.

Framkvæmdin er innan friðlandsins Geitlands í Borgarfirði. Í reglum sem gilda um friðlandið segir m.a. : „Mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis Umhverfisstofnunar“.

Í umsókn Vegagerðarinnar segir „Í dag er brú sem allir litlir bílar komast yfir. Ferðapjónustuaðili keyrir í dag 8 hjólatrukka yfir vað sunnan megin við brúarstæðið. Öll farartæki geta keyrt yfir uppfærða brú og mun því álag á vaðið og slóðann að því minnka umtalsvert, sem ætti að vera jákvætt fyrir svæðið. Að okkar mati ætti þessi framkvæmd ekki að verða til þess að fleiri fari þarna um.

Verkið verður unnið af vinnuflokki Vegagerðarinnar, en þar starfa reyndir menn sem þekkja vel til verka. Framkvæmdin snýr að því að fjarlægja núverandi yfirbyggingu sem er ófullnægjandi brú, en hún samanstendur af tveimur stöplum og yfirbyggingu úr i-bitum sem soðnir hafa verið saman. Steypt verður ofan á núverandi stöpla og tveir nýjir steyptir þar að auki. Yfirbygging mun vera úr stálbitum sem setja þarf saman og timburgólf ofan á. Sett verður upp vegrið, á brú og upb. 8 m út veginn, til að uppfylla öryggi vegfarenda.“

Áætlað er að hefja vinnu við brúna 11. ágúst 2014 og mun verkið taka um 30 daga. Bent skal á að upplýsa þarf ferðapjónustufyrirtæki á svæðinu um framkvæmdina og taka tillit til óska þeirra varðandi tímaáætlun eins og frekast er unnt.

Umhverfisstofnun veitir hér með leyfi fyrir framkvæmdinni með eftirfarandi skilyrðum.

- Að samráð verið haft við starfsmenn Umhverfisstofnunar um framkvæmdina og landvörður á svæðinu látinn vita þegar hún hefst.
- Ferðapjónusta á svæðinu verði upplýst um framkvæmdina tímanlega og tekið skal tillit til óska hennar um tímaáætlun vegna lokunar eins og frekast er unnt.


- Að frágangur framkvæmdarinnar verði vandaður.
- Að skemmdir sem hugsanlega hljóttast af framkvæmdinni verði lagfærðar.

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdinni og kostnaður við eftirlitið er samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllt



Guðbjörg Gunnarsdóttir
Þjóðgarðsvörður



Kristín Linda Árnadóttir
Förstjóri